Notkun andlitsgríma á almannafæri getur dregið úr útbreiðslu smits í samfélaginu með því að lágmarka losun öndunarfæradropa frá sýktum einstaklingum.

#COVID19

ecdc.europa.eu

Andlitsgríma **notuð við lækningar** (einnig nefnd skurðstofugríma eða fínagnagríma) skapar vörn fyrir starfsfólk sjúkrahúsa og sjúklinga með því að hylja munn, nef og höku. Heilbrigðisstarfsfólk notar andlitsgrímu til að koma í veg fyrir að stórir dropar og vessar úr öndunarfærum komist að munni og nefi þess sem ber grímuna. Einnig getur notkun grímu dregið úr og/eða stöðvað dreifingu stórra dropa úr öndunarfærum þess sem hana ber.

Andlitsgrímur - ekki notaðar við lækningar (eða „almennings"grímur) eru margs konar, heimatilbúnar eða seldar grímur og andlitshlífar úr klæði, öðru líni eða öðru efni (t.d. pappír). Slíkar grímur eru ekki staðlaðar og ekki ætlaðar til nota í heilsugæslu eða af heilbrigðisstarfsfólki.

- **Öndunargríma** eða andlitsgríma sem er hönnuð með það fyrir augum að vernda þann sem hana ber gegn smiti í andrúmslofti er flokkuð sem persónuhlíf (PPE). Slíkar andlitsgrímur eru einkum notaðar af heilbrigðisstarfsfólki, sérstaklega þegar framkvæma á aðgerðir sem framkalla úða. Ekki er viðeigandi að nota öndunargrímur með ventli sem smitvörn þar sem þær koma ekki í veg fyrir losun agna úr öndunarfærum frá notanda út í umhverfið.

#COVID19

ecdc.europa.eu

Notkun andlitsgríma er forgangsatriði fyrir heilbrigðisstarfsfólk og skal tekin fram yfir notkun þeirra á almannafæri.

#COVID19

ecdc.europa.eu

Notkun andlitsgríma á almannafæri kæmi til greina þegar um er að ræða heimsóknir á fjölmenn, lokuð svæði eins og matvöruverslanir, verslunarmiðstöðvar, eða þegar almenningssamgöngur eru notaðar, o. s. frv.

Líta skal á andlitsgrímur sem viðbótar ráðstöfun og kemur ekki í staðinn fyrir viðteknar forvarnarráðstafanir, eins og nálægðartakmörkun, siðareglur um hósta og hnerra, handhreinsun og að forðast andlitssnertingu.

#COVID19

ecdc.europa.eu

Mundu: Rétt notkun andlitsgríma er lykilatriði fyrir skilvirkni þeirra og öryggi.

Gangið úr skugga um að andlitsgríman hylji andlitið algjörlega frá efsta hluta nefs og niður undir höku.

Ef andlitsgríman er einnota, hendið henni á öruggan stað.

Þvoið hendur með sápu og vatni eða alkóhóllausn áður en andlitsgríma er sett á eða tekin af andliti.

Ef andlitsgríman er margnota, þvoið hana við fyrsta hentugleika eftir notkun með venjulegu þvottaefni við 60 °C.

Þegar andlitsgríman er fjarlægð skal gera það aftan frá - snertið alls ekki framhlið grímunnar.

Kynningarátak sem sýnir tilhlýðilega notkun andlitsgríma fyrir almenning getur aukið skilvirkni þeirra og örugga notkun.

#COVID19

ecdc.europa.eu